

# Málþing sveitarstjórnar Reykhólahrepps með íbúum Flateyjar og Framfarafélagi Flateyjar haldið í Flatey 27. júní 2016

Mætt voru: Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri, Vilberg Práinsson oddviti, Karl Kristjánsson varaoddviti, Ágúst Már Gröndal, Áslaug B. Guttormsdóttir og Sandra Rún Björnsdóttir sveitarstjórnarmenn. Einnig íbúar Flateyjar, fulltrúar í stjórn og félagsmenn Framfarafélags Flateyjar. Gestir með framsögu voru Hákon Ásgeirsson frá Umhverfisstofnun, Guðný Gerður Gunnarsdóttir frá Minjastofnun og Guðmundur Bergsson frá Eldstoðum.

Málþingið var auglýst frá kl. 15 til 17. Fundarstjóri, Karl Kristjánsson, bauð fundarmenn velkomna. Ritari var Áslaug Berta Guttormsdóttir.

**1. mál:** Kynning á sveitarfélaginu. Ingibjörg Birna sveitarstjóri kynnti sveitarfélagið og helstu verkefni sveitarstjórnar.

**2. mál:** Hákon Ásgeirsson frá Umhverfisstofnun hélt framsögu og kynnti drög að stjórnunar- og verndaráætlun og endurskoðun auglýsingar fyrir friðlandið í Flatey.

- Árið 1975 var friðlandi lýst í Flatey, en fram er komin tillaga um stækkun þess friðlands, þ.e. verndun þórshanaþarps og æðarþarps er samræmt.
- Stofnaður var samstarfshópur Umhverfisstofnunar og hagsmunaaðila, en þeir eru: Áslaug fyrir hönd sveitarstjórnar Reykhólahrepps, Kristín fyrir hönd Framfarafélags Flateyjar og Svanhildur og Hafsteinn fyrir hönd íbúa Flateyjar.
- Umhverfisstofnun vann nýja stjórnunar- og verndaráætlun sem verður auglýst og óskað eftir athugasemdum. Byrjað var að vinna eftir eldri lögum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar, en ný lög tóku gildi á tímabilinu og nú er unnið eftir þeim. Auglýsingatími verður einn mánuður.

Aðrar breytingar sem fram koma í nýrri stjórnunar- og verndaráætlun eru m.a.:

- Merkingar með skiltum.
- Upplýsingum verður dreift og þær hafðar aðgengilegar á viðeigandi upplýsingamiðstöðvum og öðrum almennum stöðum.
- Breytingar á lokun verndarsvæðisins sem nú verður 15. maí-15. júlí í stað 15. apríl-20. ágúst.
- Ákvæði um drónaflug sem veldur ónæði í varpi á verndarsvæði.
- Reglur um landtöku skemmtiferðaskipa.
- Stjórnunar- og verndaráætlunin er til 10 ára og henni fylgir 5 ára framkvæmdaáætlun.
- Umhverfisstofnun, Breiðafjarðarnefnd og FFF verði samstíga og samræmi t.d. skiltagerð.
- Samræming rannsókna á fuglum og söfnun rannsóknargagna fari í gegnum Umhverfisstofnun.

Þannig er í áætluninni m.a. kveðið á um verndaraðgerðir og framkvæmdir í friðlandinu, s.s. viðhald stíga, aðstöðu til fuglaskoðunar og uppsetningu skilta á vegum Umhverfisstofnunar. Starfshópur skilar af sér innan mánaðar og verður áætlunin aðgengileg á helstu vefjum, t.d. vef Umhverfisstofnunar, FFF og Reykhólahrepps.

**3. mál:** Guðný Gerður Gunnarsdóttir frá Minjastofnun hélt framsögu. Í júlí 2015 var samþykkt frumvarp til laga um „Verndarsvæði í byggð“ og nú hafa lög verið samþykkt þar að lútandi sem kveða á um skyldur sveitarfélaga um að meta og tilnefna verndarsvæði í byggð innan sveitarfélags. Það er á ábyrgð sveitarfélaga að tilnefna slík svæði innan sveitarfélagsins og koma því til ráðherra, en sett voru sérstök fjárlög til Húsafriðunarsjóðs í þessu skyni og hægt er að fá styrk úr sjóðnum vegna varðveislugildis byggðarinnar. Haft skal samráð við íbúa og hagsmunaaðila við vinnu að umsókn. Í Flatey er til skýrsla, svokölluð Húsakönnun, sem væri verðugt fylgiskjal með umsókn um byggðina í Flatey ef til kemur. Guðný Gerður benti sveitarstjórn á, að vinna að umsókn í samráði við hagsmunaaðila FFF. Umsóknarfrestur er auglýstur til 15. ágúst. Verkefnið stuðlar að verndun byggðar sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis. Slík byggð þarf að koma fram í deiliskipulagi sveitarfélags. Frekari upplýsingar um verkefnið eru á vef Minjastofnunar. Minjavörður Vestfjarða er Einar Ísaksson í Bolungarvík.

**4. mál:** Tekið var fyrir erindi Gunnars Sveinssonar, en hann hafði sent fyrirfram 4 spurningar til sveitarstjórnar, hver þeirra var í nokkuð mörgum liðum. Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og Karl Kristjánsson svöruðu spurningunum og kom eftirfarandi m.a. fram:

- Sveitarfélagið hefur ekki sérstaka áætlun varðandi stuðning við sauðfjárrækt.
- Sveitarfélagið er með samning við skotveiðimenn um eyðingu refs og koma þar til endurgreiðslur fyrir hvert veitt dýr. Hvað varðar eyðingu vargs, þá verja hlunnindabændur sitt varp sjálfir. Ekki er til áætlun um eyðingu hvannar, en ef slíkt erindi bærst mætti taka það til athugunar.
- Reykhólahreppur hefur ekki tekið höfnina í Flatey yfir og lítur á hana sem samgönguhöfn. Samgönguhafnir heyra undir Siglingasvið Vegagerðarinnar eða eru eins konar „vegur á sjó“. Ingibjörg og Karl funduðu með Siglingasviði Vegagerðarinnar haustið 2015 um málefni Flateyjarhafnar og í kjölfarið var fulltrúi þeirra fenginn út í Flatey á þessum fundardegi, 27. júní 2016, til að skoða aðstæður með hagsmunaaðilum. Rob Kamsma var hér fyrr í dag, skoðaði aðstæður og ræddi við hagsmunaaðila. Að hans sögn er verið að vinna í málefnum hafnarinnar og áætlun varðandi sjóvarnargarða af hálfu Siglingasviðsins og áætlað að skila niðurstöðum hið fyrsta.
- Áætlun varðandi ferðamenn og ferðamannastaði er ekki til hjá sveitarfélaginu, en málefni þeim tengd tekin upp um leið og erindi berast.
- Stækkun íbúabyggðar í Flatey. Það mætti á sínum tíma andstöðu meðal íbúa og félaga FFF að auka íbúabyggð. Deiliskipulag sveitarfélagsins, sem nú er á lokametrunum að verða samþykkt, gerir því ekki ráð fyrir aukinni íbúabyggð.
- Að öðru leyti gildir Aðalskipulag Reykhólahrepps. Það verður tekið upp árið 2018.
- Núverandi sveitarstjórn hefur heimsótt Flatey árlega þau ár sem hún hefur starfað og fundað með íbúum. Hún ætlar sér að halda þeim heimsóknum áfram út kjörtímabilið. Einnig hefur hún stofnað dreifbýlisnefnd Reykhólahrepps, og eiga Flateyingar bæði aðal- og varamann í stjórn nefndarinnar. Fulltrúa Flateyjar er ætlað að vera tengiliður íbúa og hagsmunaaðila eyjunnar við sveitarstjórn og fundar nefndin að lágmarki ársfjórðungslega. Erindum skal komið til fulltrúans eftir þörfum. Aðalmaður er Baldur Ragnarsson og varamaður Guðrún Marta Ársælsdóttir.
- Þá hefur sveitarstjórnin einnig fundað með stjórn FFF árlega (og tvisvar sinnum 2016) og málþing þetta er liður í greiðum og bættum samskiptum. Sveitarstjórnin ætlar að funda árlega með stjórn FFF út kjörtímabilið og lýsir áhuga á góðum samskiptum við félaga alla og þakkar þá miklu vinnu sem þeir leggja til í Flatey, bæði hvað varðar eyjuna sem slíka og einnig hina einstöku byggð í gamla þorpinu.

- Sveitarfélög hafa ekki tíðkað að sundurliða tekjur og gjöld eftir svæðum innan sveitarfélaga enda samræmist slíkt tæplega reglum um stjórn sveitarfélaga.
- Brunavarnir. Guðmundur í Eldstoðum, eftirlitsmaður brunavarna Reykhólahrepps, hélt framsögu og sagði m.a.: Slökkviliðsæfing sem haldin var í dag, 27. júní, var m.a. liður í brunavörnum Flateyjar og virkaði búnaður ágætlega. Nýr og betri búnaður er kominn í Flatey, sem einkum felst í dráttarvéladælu og mun það sem upp á vantar, drifskaft og slöngur, koma fljótlega. Þá nefnir hann að nauðsynlegt sé að reisa hús undir búnaðinn í nánustu framtíð. Einnig bendir hann á eigin ábyrgð húseigenda á brunavörnum í íbúðar- og sumarhúsum og vísar á upplýsingar sem aðgengilegar eru á vef Mannvirkjastofnunar um brunavarnir. Almennt þarf að huga að útgönguleiðum, reykskynjurum og slökkvitækjum, þ.e. léttvatnstækjum og þau séu staðsett við útihurð. Guðmundur nefnir einnig nauðsyn þess að koma upplýsingum í íbúðar- og sumarhús í eyjunni með helstu brunavörnum og bendir á að FFF gæti staðið fyrir gerð bæklinga í samráði við Reykhólahrepp, t.d. tekið upplýsingar af vef Mannvirkjastofnunar. Að lokum lýsti Guðmundur sig reiðubúinn til að heimsækja eyjuna við tækifæri, vera með kynningu á brunavörnum og jafnvel ganga í hús. Sveitarfélagið myndi greiða fyrir ferðina.
- Hvað varðar sameiningu Reykhólahrepps, Strandabyggðar og Dalabyggðar, þá hafa sveitarstjórnirnar unnið að sameiginlegu svæðisskipulagi, en í því felst ekki sameining, heldur er um aukið samstarf og hagræðingu að ræða milli sveitarfélaganna í nánustu framtíð og kemur þar margt til greina, þar sem ríkið felur sveitarfélögum sífellt ný og ábyrgðarmeiri verkefni á hendur.

## 5. mál: Opnað fyrir almennar umræður og fyrirspurnir til sveitarstjórnar.

- Baldur Ragnarsson ræddi hvað Rob frá Siglingasviði hafi sagt og í hvað fyrirhugað er að nýta peningana sem eru á fjárhagsáætlun fyrir árið 2016, hvað eigi að gera? Hann bætir við, að á sínum tíma hafi fengist styrkur úr Hafnabótasjóði til endurbóta á Stóragarði og Silfurgarði. Hafsteinn bætir hér við, að ef endurbæta á Silfurgarðinn þurfi fast efni í miðju hans, eitthvað sem stendur vel af sér. Ingibjörg Birna sveitarstjóri svarar: Varðandi bryggjuna, þá fór Rob með Magnúsi að skoða hana, en þeir voru sammála um að hún væri farin að gefa mikið eftir og stenst ekki hinn nýja Baldur. Rob var hér í fyrra í sumarleyfi og skoðaði bryggjuna þá sjálfur. Hugmyndir eru um að setja steiptan polla í land, en heimamenn telja það ekki lausn. Siglingasviðið er alveg með á nótunum og mun í framhaldi þessarar ferðar Robs til Flateyjar vinna að lausn málsins. Bíða verður áætlunar og svara frá stofnuninni.
- Hlið á bryggju eða keðja/kaðall sem hægt væri að strengja fyrir bryggjuna myndi stoppa fólk í að ana fram á bryggjuna þegar Baldur leggst að og væri hið besta mál.
- Fyrirspurn frá Guðmundi Stefánssyni: Sumarhúsaeigendur og íbúar Flateyjar eru og hafa þurft að vera sjálfbjarga og allar leiðir liggja til Stykkishólms. Þeim finnst sig vanta stuðning, upplýsingar og einnig upp á samskipti við sveitarstjórn. Hann hefur þó trú á að tímarnir séu að breytast og samskiptin geti orðið farsæl. Áslaug Berta Guttormsdóttir sveitarstjórnamaður svarar: Sveitarstjórn Reykhólahrepps er mjög jákvæð gagnvart Flatey og vill aukin og bætt samskipti í þágu íbúa og sumarhúsaeigenda. Stofnun dreifbýlisnefndar var liður í að færa sjónarmið hinna dreifðu byggða sveitarfélagsins inn á borð sveitarstjórnar og bendir hún á Baldur og Guðrúnu, aðal- og varamann Flateyjar í nefndinni, til að koma málefnum sem varða eyjuna áfram til sveitarstjórnar. Næsti fundur dreifbýlisnefndar verður í september/október 2016 í Gufudalssveit. Þá hefur núverandi sveitarstjórn fundað árlega með íbúum og stjórn FFF og málþing þetta er liður í því að skiptast á upplýsingum og skoðunum. Sveitarstjórnin hefur fullan hug á að

halda fundi árlega út kjörtímabilið. Þá bendir hún á að FFF hafi fengið styrk til hátíðarhalda og að auglýst hafi verið eftir sumarstarfsmanni í Flatey, sem því miður hafi ekki fengist, en sé nú að glitta í lausn fyrir ágústmánuð. Sveitarstjórnin hafi lagt sig fram um að kaupa eldvarnabúnað og vilji gera sitt besta í þeim efnum.

- Þá var nokkuð rætt um sjóvarnargarða og hvernig þeim var haldið við áður fyrr. Hafsteinn og Jói töluðu um að sjómenn í eyjunni hafi haldið þeim við og notuðu til þess talír og vogarafl.
- Hafsteinn spyr hvort hægt sé að skrá sumarhús aftur sem íbúðarhús? Ingibjörg Birna svarar: Deiliskipulag er skipulag sveitarfélagsins, m.a. um byggðir, og því þarf þá að breyta. Hún bendir aftur á, að á sínum tíma hafi það mætt andstöðu íbúa og sumarhúsaeigenda að auka íbúabyggð og farið hafi verið að óskum þeirra við gerð deiliskipulagsins.
- Hafsteinn talar um að grunninum hafi verið kippt undan byggðinni með fiskveiðunum.
- Jói í Skáleyjum spyr hver staða hafnanna sé. Ingibjörg Birna svarar: Beðið er eftir minnisblaði/áætlun frá Siglingasviði Vegagerðarinnar. Karl Kristjánsson bætir við, að hafnir sem eingöngu séu samgönguhafnir séu umkomulausar, en verið sé að vinna að stefnumörkun í þeim málum hjá Siglingasviði Vegagerðarinnar. Hann bendir á, að Landeyjahöfn sé samgönguhöfn og rekin af ríkinu án vandkvæða.
- Hafsteinn minnst á, að stundum hafi íbúar Flateyjar mætt skilningsleysi sveitarstjórnar Reykhólahrepps, t.d. þegar dóttir hans var búsett úti í Flatey og hafi átt að koma börnunum í skólann á Reykhólum. Fundarmenn voru sammála um að nokkuð hafi hér skort upp á skilning og samskipti milli hagsmunaaðila. Málin væru eflaust ekki afgreidd með þessum hætti í dag.
- Kristín nefnir lausagöngu búfjár í þorpinu og að allt sé úti í rolluskít, bæði garðar og göngustígar. Slíkt mætti leysa með pípuhliði. Ingibjörg Birna svarar: Lausaganga búfjár er leyfð og ákveðið var á sínum tíma að girða þorpið ekki af. Gunnar bendir á, að ef hver og einn raki sína stíga sé þetta ekki mikið vandamál. Áslaug Berta (sveitarstjórnarmaður), bendir á að ef starfsmaður fæst fyrir næsta sumar gæti þetta hugsanlega fallið undir hann, þar sem starfslýsing er í mótun.
- Þá var spurt um brennur, t.d. að brenna sinu í eyjunum. Til eru lög um það og má senda fyrirspurn á Ingibjörgu Birnu sveitarstjóra með tölvupósti og hún mun svara um hæl.

Ekki fleira gert og ánægjulegum fundi slitið kl. 17.

F.h. fundargesta,  
Áslaug Berta Guttormsdóttir, fundarritari.